

Lög

um ráðstöfun andvirðis vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls.

1. gr.

Sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs er heimilt að ráðstafa andvirði vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls á Jökuldal til félagslegra framkvæmda í sveitarfélaginu.

Ráðstöfun andvirðis vatnsréttindanna skal háð samþykki sjávarútvegs- og landbúnaðar-
ráðuneytisins og vera samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárgjafa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 22. maí 2008.